

Íslensk staðfærsla og mat á próffræðilegum eiginleikum DSM-5 útgáfu K-SADS-PL greiningarviðtalsins

ORRI SMÁRASON, SÁLFRÆÐINGUR

BUGL

HÁSKÓLI ÍSLANDS



HÁSKÓLI ÍSLANDS
SÁLFRÆÐIDEILD

K-SADS – PL – IV/V

(Kiddie)-Schedule for Affective Disorders and Schizophrenia for School-Age Children-Present and Lifetime Version

Hálfstaðlað spyrjendamiðað geðgreiningarviðtal fyrir 6 – 18 ára. Hægt að leggja bæði fyrir börn og foreldra (oftast er bæði gert), inniheldur 51 geðgreiningu.

- Sennilega mest notaða viðtalið í rannóknum og barnaklíník á heimsvísu.

Kemur út 1996 og er þýtt á íslensku af starfsmönnum BUGL (Bertrand Lauth, Páll Magnússon og Ólafur Guðmundsson).

Könnun á próffræðilegum eiginleikum íslenskar þýðingar benda til að þeir séu almennt ágætir (Lauth, et.al.: 2008, 2010 og 2012).

K-SADS-PL - Stutt saga

1996 K-SADS-PL, um 47 raskanir

2009 K-SADS-PL uppfærsla (Asperger heilkenni, barnaeinhverfa og ódæmigerð einhverfa)

Nýtt DSM 2013 – ýmsar breytingar á greiningarskilmerkjum og nýjar raskanir (t.d. DMDD).

Nýtt K-SADS kemur út í Bandaríkjunum 2016 í samræmi við DSM-5

Guðmundur Skarphéðinsson, dósent við HÍ, fær styrk úr Háskólasjóði til að setja af stað vinnu við að þýða, staðfæra og safna gögnum um áreiðanleika og réttmæti nýrrar KSADS útgáfu, 2017 og styrkur úr Vísindasjóði LSH til sama verkefnis fæst 2019.

Uppbygging viðtalsins

Skimunarhluti – lagður fyrir alla

Viðauki#1: **Lyndisraskanir**

- Þunglyndi, óyndi, geðhvörf, mislyndisröskun (DMDD)

Viðauki#2: **Geðrofsraskanir**

Viðauki#3: **Kvíðaraskanir, ÁPR, og áfallaraskanir**

Viðauki#4: **Taugaproska- og hegðunarraskanir**

- ADHD, ODD, CD, TD, ASD

Viðauki#5: **Átraskanir og vímuefnamisnotkun**

Helstu breytingar frá DSM-IV K-SADS til DSM-5 K-SADS

Flokkar breytast

- Dæmi: Kvíðaraskanir
- Áráttu-þráhyggjuröskun og áfallastreituröskun verða sérflokkar

Nýjar raskanir

- Mislyndisröskun (Disruptive Mood Dysregulation Disorder)
- Einhverfurófsröskun
- Víðáttufælni (agoraphobia)

Umbætur á greiningarviðmiðum og spurningum

- Dæmi: Ítarlegri spurningar um áfallastreituröskun og betur aðlagðar að börnum

Umbætur á skorviðmiðum

KSADS-V verkefnið

- Þýðingarvinna og staðfærsla

- M.S nemar, GS og OS þýða og staðfæra
- Byggt á KSADS – IV þýðingunni
- “Sérfræðiráð” fer yfir þýðingar (Páll Magnússon, Bertrand Lauth, Evald Sæmundssen)

- Fyrirlagnir á BUGL og Litlu-KMS

- Stefnt að því að leggja fyrir 200 börn (um 110+ fyrirlagnir verða væntanlega búnar í apríl 2020)

- Skimunarkvarðar – DSM-V

- Youth Anxiety Measure –V (YAM-5) einnig þýddur, staðfærður og skoðaður próffræðilega sem hluti af verkefninu. Skimunarlisti fyrir kvíðaraskanir, foreldra og sjálfsmatsútgáfur.
- Moods and Feelings Questionnaire (MFQ), sama. Skimunarlisti fyrir þunglyndi, foreldra og sjálfsmatsútgáfur.

- Mat á áreiðanleika, réttmæti, skimunarhæfni og tíðni geðgreininga

- RCADS, YSR, CBCL, MASC, CDI, BYI, ADHD-RS, SDQ og ASSQ lagðir fyrir alla þátttakendur.

M.S. verkefni 2018/2019 tengd KSADS - V

Vor 2018:

Harpa Hrönn Harðardóttir – *Íslensk staðfærsla og mat á próffræðilegum eiginleikum DSM-V útgáfu KSADS-PL: Þunglyndisraskanir og árátta-þráhyggjuröskun.*

Hjördís Ólafsdóttir - *Íslensk staðfærsla og mat á próffræðilegum eiginleikum DSM-V útgáfu KSADS-PL: Kvíðaraskanir og áfallastreituraskanir.*

Vor 2019:

Sigríður Helgadóttir – *Tíðni geð-og taugabroskaraskana hjá börnum á aldrinum 6 -18 ára: Klínískt úrtak frá Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala (BUGL) og Litlu Kvíðameðferðarstöðinni.*

Ólafur Þórðarson – *Icelandic translation and reliability data on the DSM-5 version of the K-SADS-PL.*

Friðrik Már Ævarsson– *Skimunareiginleikar Tilfinningalistans (RCADS) hjá börnum 8- 18 ára: Klínísk úrtak frá Barna- og unglingsgeðdeils Landspítala (BUGL) og Litlu kvíðameðferðarstöðinni.*

Dæmi um niðurstöður úr verkefninu

- Hár samsláttur raskana (e. comorbidity), eins og við er að búast í klínísku úrtaki.
 - Á BUGL er algengast að barn mæti greiningarskilmerkjum (51.1%) fyrir 4 eða fleiri geðraskanir og á Litlu KMS er algengast að barn mæti greiningarskilmerkjum fyrir 2 raskanir (40%)
 - Kvíðaraskanir algengastar (yfir 65%) og ADHD (50%). Á BUGL er þunglyndi algengt (63%) en afar sjaldgæft á Litlu KMS (4%)
 - Miðað við fyrri rannsóknir er tíðni kvíða- og þunglyndisraskana á BUGL að hækka (Árný Jóhannsdóttir, 2017, tölur frá 2013)
- Góður matsmannaáreiðanleiki, *kappa* 0,56-0,90. Flestallar raskanir fyrir ofan 0,75 – Nema ofsakvíðaröskun (*kappa* 0,65), viðvarandi þunglyndi (0,57) og sértæk fælni (0,7)
- Miðlungssterk – sterk fylgni á milli greininga og skimunarlista sem mæla sömu hugsmíðar – vísbendingar um gott samleitniréttmæti
- RCADS hefur að minnsta kosti viðunandi skimunareiginleika gagnvart K-SADS greiningum nema fyrir árattu- og þráhyggjuröskun.

Takk fyrir

